

Sp.

57. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um mótmæli gegn risasprengru Sovétríkjanna.

Flm.: Sveinn S. Einarsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að mótmæla eindregið sprengingu Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengru og skorar á þau að hætta nú þegar kjarnorkusprengrum sínum, þar sem geigvænleg geislunarhætta af þeim stofnar framtíðarvelferð allrar heimsbyggðar og þar með íslenzku þjóðarinnar í voða. Sérstaklega mótmælir Alþingi neðansjávarsprengrum, er geta stofnað afkomumöguleikum Íslendinga í hættu.

Alþingi skorar enn fremur á kjarnorkuveldi heimsins að gera hið fyrsta samkomulag um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öruggt eftirlit með því.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, hvílík hætta mannkyninu er búin af notkun kjarnorkunnar til hernaðarþarfa, ekki aðeins í ófriði, ef til kemur, heldur einnig vegna tilrauna með slík vopn á friðartímum.

Vegna fordæmingar almenningsálitsins í heiminum á tilraunum með kjarnorkuvopn féllu stórveldin, Bandaríki Norður-Ameríku, Stóra-Bretland og Sovétríkin, frá slíkum tilraunasprengingum um árabil, eða þar til Sovétríkin rufu þessa samstöðu og hófu á ný kjarnorkusprengrar 1. september síðastliðinn. Síðan hefur þetta stórveldi sprengt yfir 20 kjarnorkusprengrar, að því er talið er, þar af eina neðansjávar, en hinar í andrúmslofti jarðar, með þeim afleiðingum, að geislavirkni í gufuhvolfi jarðar hefur aukizt geigvænlega síðan.

Áhyggjur manna hafa ekki sízt vaxið, síðan forsætisráðherra Sovétríkjanna boðaði nýverið sprengingu risasprengru, er að afli til samsvarar 50 milljónum smálesta af TNT sprengiefni, og að því er virðist beinlínis í ögrunarskyni.

Nú berast fregnir um það, að risasprengrar af því líkri stærð hafi verið sprengd 23. október nálægt ströndum Norður-Íshafsins, og enn fremur, að sprengd hafi verið kjarnorkusprengrar neðansjávar í Norður-Íshafinu. Þessi síðarnefnda sprengjar gæti skapað hættu fyrir fiskstofnana við Ísland og þar með afkomu íslenzku þjóðarinnar.

Afleiðing þessa er sú, að enn hefur gífurlegt magn geislavirkra efna bætzt við og mun menga allt andrúmsloft jarðarinnar og stór hafsvæði um árabil. Úrfall geislavirkra efna frá þessum og fyrri sprengingum mun spilla drykkjarvatni, jarðargróðri og þar með matvælum hvarvetna, en mest í löndum á norðlægum breiddargráðum, eins og Íslandi, sem vegna legu sinnar er í sérstakri hættu vegna afleiðinga af kjarnorkusprengrum Sovétríkjanna.

Af þessum sökum hlýtur Alþingi Íslendinga að mótmæla þessum aðförum og taka þannig þátt í þeim andmælum gegn kjarnorkusprengrum, sem nú heyrast úr öllum heimsálfum, jafnframt því sem það skorar á kjarnorkuveldin að hætta tilraunasprengingum og setja öruggt eftirlit með því, að þær fari ekki fram.